

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 63

10. árgangur

18.12.2003

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
2003/EES/63/01		Ályktun um eftirfylgd Lissabonáætlunarinnar	1
2003/EES/63/02		Ályktun um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins (EES): mál er varða stofnanir og lagaákvæði	6
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2003/EES/63/03		Auglýsing eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól í tengslum við ríkisaðstoð – Ríkisábyrgð til handa deCODE Genetics vegna uppbyggingar á lyfjapróunardeild (ríkisaðstoð nr. 030.02.006 – Ísland)	10
2003/EES/63/04		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól: nýtt, tímabundið styrkjakerfi fyrir skipasmíðastöðvar í Noregi	25
2003/EES/63/05		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól: tímabundið byggðalánakerfi í Noregi	26
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2003/EES/63/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3341 – Koch/Invista)	27

2003/EES/63/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3344 – Bain Capital/Interfer–Brenntag)	28
2003/EES/63/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3345 – Platinum Equity/Hays Logistics)	29
2003/EES/63/09	Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3301 – Royal Bank of Scotland Group/First Active Plc)	30
2003/EES/63/10	Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3320 – Electra Partners/Azélis)	30
2003/EES/63/11	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/C-1/37.451, 37.578, 37.579 – Deutsche Telekom AG	31
2003/EES/63/12	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á tilkynningu til aðildarríkja frá 14. apríl 2000 um leiðbeiningar vegna bandalagsfrumkvæðis um uppbyggingu í dreifbýli (Leader+)	31
2003/EES/63/13	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Breytingar breskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu sem hvíla á áætlunarflugi milli Benbecula og Barra	31
2003/EES/63/14	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Breytingar breskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu sem hvíla á áætlunarflugi milli meginlands Orkneyja (Kirkjubogs) og Vestreyjar, Sandeyjar, Strjónseyjar og Eiðeyjar	32
2003/EES/63/15	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Breytingar breskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu sem hvíla á áætlunarflugi milli meginlands Orkneyja (Kirkjubogs) og eyjanna Papeyjar og North Ronaldsay	32
2003/EES/63/16	Áætlunarflug – Útboðsauglýsing breskra stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli Benbecula og Barra (Skotlandi)	33
2003/EES/63/17	Áætlunarflug – Útboðsauglýsing breskra stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli meginlands Orkneyja (Kirkjubogs) og eyjanna Papeyjar, North Ronaldsay, Vestreyjar, Sandeyjar, Strjónseyjar og Eiðeyjar	34
2003/EES/63/18	Ríkisaðstoð – Mál nr. C 55/03 – Ítalía	35
2003/EES/63/19	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	36

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

RÁÐGJAFARNEFND EES

ÁLYKTUN
frá 20. mars 2003

2003/EES/63/01

um

EFTIRFYLGD LISSABONÁÆTLUNARINNAR

1. AÐDRAGANDI

1.1. Í ráðgjafarnefnd EES (European Economic Area Consultative Committee) eiga sæti fulltrúar frá öllum helstu hagsmunahópum EES-ríkjanna átján á sviði samfélags- og efnahagsmála. Nefndin er málsvari launþega, atvinnurekenda og annarra skipulagðra samfélagshópa í þessum löndum og er hluti af stofnanakerfi Evrópska efnahagssvæðisins.

1.2. Eftirfarandi ályktun um eftirfylgd Lissabonáætlunarinnar var samþykkt á 11. fundi ráðgjafarnefndarinnar í Brussel hinn 20. mars 2003. Skýrslugjafar voru **Peter J. Boldt** frá efnahags- og félagsmálanefnd ESB (European Economic and Social Committee) og **Katarina Sætersdal** frá ráðgjafarnefnd EFTA (EFTA Consultative Committee).

2. LISSABONÁÆTLUNIN

2.1. Þeir sem efast um gildi Lissabonáætlunarinnar skyldu velta fyrir sér eftirtöldum atriðum: Hætt er við að fjárfestar sneiði hjá þeim Evrópuríkjum sem taka ekki þátt í starfi við að byggja upp samkeppnisstyrkasta þekkingarhagkerfi heims. Samkeppnisstyrk hagkerfi eru sömuleiðis forsenda fyrir atvinnusköpun, fjölgun góðra starfa og eflingu samfélagsgerðar í Evrópu. Af þessum sökum eru aðilar vinnumarkaðarins í EES-ríkjunum og aðrir fulltrúar borgaranna þess hvetjandi að EES-ríkin fylgi Lissabonáætluninni eftir af auknum krafti.

2.2. Lissabonáætlunin mun styrkja sambandið og gera því kleift að taka forystu á alþjóðavettvangi. Rétt er að Evrópusambandið haldi óbreyttri stefnu eftir stækkun. Gildi áætlunarinnar felst í því að um er að ræða samhæfða og víðtæka stefnu þar sem aðildarríkin hafa stuðning hvert af öðru. Þegar hefur náðst mikill árangur þar sem er framkvæmd innra markaðarins í tíu ár, evrópsku vinnumálaáætlunarinnar í fimm ár og þriðja áfanga myntbandalags Evrópu í fjögur ár, auk þess sem ár er liðið frá því að evran var tekin í notkun. Þetta sýnir hæfni sambandsins til að koma metnaðarfullum umbótum í framkvæmd. Á mörgum sviðum hafa slíkar umbætur þegar leitt til aukins vaxtar og atvinnusköpunar á sveigjanlegum, sterkum og opnum mörkuðum.

2.3. EFTA-ríkin, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, telja ótvírætt að Lissabonáætlunin hafi mikilvægu hlutverki að gegna. Hinn 18. febrúar sendi formaður EFTA-ráðsins á ráðherrastigi, Bondevik forsætisráðherra, bréf til forseta leiðtoga ráðsins, Simitis forsætisráðherra, þar sem fram kom: „EFTA-ríkin, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, meta mikils að eiga nána samvinnu við Evrópusambandið [...] og horfa til þess með ánægju að finna nýjar leiðir til samstarfs um hin mikilvægu markmið Lissabonáætlunarinnar“.

2.4. Hvort umsköpun Evrópusambandsins verður að veruleika fyrir lok áratugarins veltur á því að sambandinu verði gert kleift að vaxa. Í því skyni er nauðsynlegt að finna leiðir til að auka atvinnu og framleiðni. Þó að miðað hafi í rétta átt á nær öllum sviðum Lissabonáætlunarinnar hefur árangurinn yfirleitt hvorki verið nógu mikill né nægilega vel samhæfður til að fullnægja þeim markmiðum sem þjóðhöfðingjar og leiðtogaríkisstjórnir undirrituðu fyrir þremur árum.

2.5. Í Lissabonáætluninni var einnig tekið á þjóðhagsmálum. Illa hefur gengið að ná meginmarkmiðum áætlunarinnar vegna lítills hagvaxtar, hægt vaxandi framleiðni og minnkandi fjárfestingar. Afleiðingin er sú að erfitt hefur reynst að ná skammtímamarkmiðum Lissabonáætlunarinnar.

2.6. Ráðgjafarnefnd EES lýsir sig sammála því að Lissabonáætlunin hljóti áfram að verða grundvöllurinn að nýjum tækifærum komandi kynslóða.

3. EVRÓPUBÚAR ÞURFA Á AÐ HALDA FYRIRTÆKJUM SEM SÝNA FÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ, FÉLAGSLEGRI SAMSTÖÐU OG FRAMLEIÐSLU- OG NEYSLUHÁTTUM SEM TAKA MIÐ AF NÁTTÚRUVERND

3.1. Ráðgjafarnefnd EES hvetur ráðamenn fyrirtækja til að taka félagslega ábyrgð fyrirtækjanna alvarlega, þ.e. leita uppi framleiðsluáðferðir sem taka mið af náttúruvernd, virða mannréttindi, m.a. grundvallarréttindi launafólks samkvæmt skilgreiningum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, stuðla að símenntun starfsmanna og taka þátt í viðleitni til að efla rannsóknar- og þróunarstarf í Evrópu.

3.2. Reynsla Evrópubúa er að félagsleg samstaða, skoðanaskipti aðila vinnumarkaðarins, samstarf aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera og virk félagsleg tengsl séu höfuðþættir í samfélagsgerð Evrópuríkja og hafi mikið að segja um aðlögunarhæfni og framleiðni og uppbyggingu réttláts og félagslega stöðugs umhverfis fyrir bæði fyrirtæki og einstaklinga.

3.3. EFTA-ríkin, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, verða ásamt Evrópusambandinu að axla ábyrgð á umhverfismálum með því að taka tillit til þeirra í allri stefnumörkun, allt frá nýtingu náttúrulegra auðæfa, m.a. með orkusparandi aðgerðum, til verndunar fjölbreytni í lífríkinu og andrúmsloftsins.

3.4. Þessi vinna er þeim mun mikilvægari sem fyrir dyrum stendur stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

4. STÆKKUN EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS OG LISSABONÁÆTLUNIN

4.1. Tíu árum eftir að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var undirritaður gegnir hann enn hlutverki sínu á fullnægjandi hátt með því að markmiðunum, sem sett voru í upphafi, hefur verið náð. Engu að síður er samningurinn nú framkvæmdur við aðstæður sem hafa breyst verulega eftir víðtækar breytingar á EB-sáttmálanum samkvæmt Maastricht- og Amsterdam-sáttmálunum, auk markmiðanna sem sett eru í Lissabonáætluninni. Allar þessar breytingar varða starfsemi innra markaðarins með einum eða öðrum hætti.

4.2. Ríkin tíu, sem ganga í Evrópusambandið árið 2004, munu njóta góðs af Lissabonáætluninni í viðleitni sinni við að bæta efnahagshorfur og auka vaxtarmöguleika, auka atvinnu og félagslega samstöðu og undirbúa skrefið yfir í þekkingarsamfélagið. Þó að nokkur árangur hafi náðst undanfarin ár bíður nýju aðildarríkjanna erfitt verkefni við að vinna að markmiðum Lissabonáætlunarinnar. Nýju aðildarríkin munu öll þurfa að leggja harðar að sér við að ná þessum markmiðum.

4.3. Nýju aðildarríkin eru þegar komin vel á veg með breytingar til markaðshagkerfis. Milliríkjavíðskipti þeirra eru þegar tiltölulega mikil og þau hafa í aðalatriðum náð góðum árangri við að styrkja efnahagslífið. Engu að síður er augljóslega þörf á frekari umbótum í stjórnkerfi ríkjanna eigi sambandið að geta náð meginmarkmiðum Lissabonáætlunarinnar eftir stækkun.

4.4. Þó að nýju aðildarríkin og önnur ríki, sem sótt hafa um aðild, eigi í aðalatriðum við sams konar verkefni að glíma og núverandi aðildarríki er vandi þeirra yfirleitt stærri í sniðum. Nánar tiltekið er atvinnuþátttaka minni og atvinnuleysi meira í þessum ríkjum og í flestum tilvikum er samkeppni fremur takmörkuð.

5. OPIN SAMHÆFINGARAÐFERÐ LISSABONÁÆTLUNARINNAR

5.1. Hin nýja opna samhæfingaraðferð er mikilvægur og óaðskiljanlegur hluti Lissabonáætlunarinnar.

5.2. Með henni er horfið er frá setningu reglugerða, tilskipana og ákvarðana sem felldar eru inn í EES-samninginn þegar þær varða Evrópska efnahagssvæðið. Með hinni nýju opnu samhæfingaraðferð er unnið að markmiðum með víðtækri notkun leiðbeininga, magn- og gæðavísa, viðmiða og fastra tímasetninga. EFTA-ríkin, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, eru í krafti þess þegar þátttakendur í sumum þessara verkefna. Á hinn bóginn fer vinna við mörg verkefnanna í Lissabonáætluninni fram eftir nýjum leiðum sem EFTA-ríkin, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, eiga engan aðgang að.

5.3. Innviðavísar, sem framkvæmdastjórnin notar til að vakta og meta árangur fyrir vorfund leiðtoga ráðsins, sýna hver þróunin hefur verið í Evrópulöndunum, en einnig þróunina í Bandaríkjunum og Japan til samanburðar. Athyglinni er beint að árangri aðildarríkjanna. Þó sýna sumir vísar að árangur bæði Bandaríkja og EFTA-ríkja, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, er betri en árangur flestra aðildarríkja Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin myndi því hafa gagn af að skoða einnig árangur af rammaskilyrðunum á öðrum svæðum. Vel kann að vera að í viðskiptalöndum utan Evrópska efnahagssvæðisins séu til sambærileg viðmið og gagnlegar bestu starfsvenjur sem læra mætti af.

5.4. Samkvæmt einkunnatöflu fyrir samkeppnishæfni í heiminum árið 2002 (*World Competitiveness Scoreboard 2002*) var samkeppnishæfni Finnlands, Lúxemborgar og Hollands hin mesta í heiminum næst á eftir Bandaríkjunum, en Danmörk var í 6. sæti og önnur Evrópusambandsríki í 10. og allt niður í 36. sæti. Í hópi nýju aðildarríkja voru Eistland og Ungverjaland ofar á listanum en sum ríki í hópi núverandi aðildarríkja. Engu að síður mun það reynast nýju aðildarríkjunum erfiðara að ná markmiði Lissabonáætlunarinnar fyrir árið 2010. Það merkir ekki að núverandi aðildarríkjum muni reynast það auðvelt. Núverandi átján aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins þurfa að leggja sig öll fram við að komast í fremstu röð ríkja heims. Með því móti verður unnt að halda uppi meðaltali alls efnahagssvæðisins.

5.5. Meðalframléiðni á vinnustund er hér um bil hin sama í Evrópusambandsríkjunum 15 og í Bandaríkjunum en mun minnka nokkuð við stækkun sambandsins. Á hinn bóginn er svigrúmið til aukinnar framléiðni miklu meira í nýju aðildarríkjunum svo að líklega verður ekkert því til fyrirstöðu að auka framléiðni ef almennur efnahagsvöxtur kemst á skrið.

6. ATVINNUÞÁTTAKA

6.1. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins slær því föstu að þótt atvinnuleysi hafi aukist vegna minnkandi hagvaxtar séu skýr merki um að umbætur undanfárinna fimm ára hafi leitt til mikilvægra breytinga á uppbyggingu margra, en þó ekki allra, vinnumarkaða í Evrópu. Engu að síður sé árangurinn afar misjafn og umbætur hafi ekki verið nægilega víðtækar í öllum aðildarríkjunum.

6.2. Einnig hefur gengið misjafnlega vel að auka þá verkunnáttu starfsmanna sem nauðsynleg er í þekkingarsamfélagi og fjölga ekki aðeins störfum heldur bæta starfsaðstöðu. Hvortveggja skiptir höfuðmáli fyrir aukna framléiðni.

6.3. Aðilar vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, lýsa yfir stuðningi sínum við viðleitni til að auka símenntun víðs vegar í Evrópu í því skyni að auka atvinnuöguleika almennings í þekkingarsamfélaginu. Eftir því sem öldruðum fjölga og fleiri ungmenni ganga menntaveginum verður knýjandi að auðvelda öllum aldursþópum aðgang að menntun til þess að unnt sé að auka hæfni og verkunnáttu verulega. Með símenntun má stuðla að framgangi samfélags sem tekur tillit til allra þjóðfélagsþópa og einkennist af jöfnum tækifærum. EFTA-ríkin, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, fá góða einkunn samkvæmt öllum innviðavísam sem snúa að atvinnuþátttöku og atvinnuleysi og Ísland fær sérstaklega háa einkunn samkvæmt vísam símenntunar. Með opnu samhæfingaraðferðinni mætti einnig draga lærdóm af bestu starfsvenjum í EFTA-ríkjunum sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu.

7. UMBÆTUR Á VÖRU-, ÞJÓNUSTU- OG FJÁRMAGNSMÖRKUÐUM

7.1. Undangenginn áratug hefur framkvæmd margra þátta innra markaðarins verið með ágætum. Í öðrum þáttum hefur árangurinn verið lakari. Það er ástæðan fyrir því að í Lissabonáætluninni er lögð sérstök áhersla á greinar á borð við þjónustu, opinber innkaup, samgöngur, orku, fjármálaþjónustu og nývæðingu samkeppnisreglna og sumra þátta skattlagningar. Síðastliðið ár hefur raunar náðst samkomulag um mikilvægar umbætur á mörgum af þessum sviðum.

7.2. Hættan er ekki hin sama nú og á fundi leiðtogaáráðsins í Barcelona í fyrra, þ.e. að ákvarðanir séu ekki teknar á sameiginlegum vettvangi Evrópuríkja, heldur að aðildarríkjunum takist ekki að koma í framkvæmd og beita þeim reglum og stefnumálum sem samkomulag er um. Afleiðingin er sú að á mörgum mikilvægustu sviðunum hefur sambandinu enn ekki tekist að leysa innra markaðinn fyllilega úr læðingi. Sérhvert aðildarríki EES verður að leggja miklu meira af mörkum til þess að tryggja að ráðstafanir, sem samkomulag er um, komist í framkvæmd á tilhlýðilegan hátt og á réttum tíma.

7.3. Margir innviðavísar leiða í ljós áhrifin af umbótum á innra markaðnum, m.a. markaðsumbótum og ráðstöfunum til að vinna á viðskiptahindrunum. Í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, er verðlag mun hærra en í hinum 15 ríkjum Evrópusambandsins, þótt verð fyrir fjarskiptaþjónustu og raforku sé lægra í Noregi. Mikilvægt markmið áætlunarinnar er að draga úr ríkisstyrkjum. Í Noregi eru ríkisstyrkir hins vegar miklu hærri en gengur og gerist í Evrópusambandinu.

8. ÞEKking, NÝSKÖPUN OG ATHAFNAKRAFTUR

8.1. Með þekkingu, nýsköpun og athafnakrafti má opna nýjar leiðir til hagvaxtar, örva samkeppni og finna nýjar og virkari aðferðir til að leysa algeng vandamál á borð við sjúkdóma eða loftslagsbreytingar. Núverandi efnahagsástand hefur bitnað á mörgum þekkingargreinum í Evrópusambandinu og flókið og ófullkomið reglugerðarumhverfi setur enn hömlur á fyrirtæki og atvinnulífið sem heild. Fyrirtæki leggja ekki nægt fé til þekkingar og nýsköpunar. Fyrirhugað kerfi bandalagseinkaleyfa – sem er prófsteinn á vilja Evrópusambandsins til að styðja nýsköpun – kann brátt að verða að veruleika.

8.2. Rannsókn- og þróunarvinna hefur takmarkað gildi ef hún leiðir ekki til þess að fram koma nýjar vörur og nýjar framleiðsluaðferðir. Rannsóknir og þróun eiga að hafa í för með sér verðmætaaukningu og atvinnusköpun. Þess vegna skiptir höfuðmáli að vel sé búið að rannsókn- og þróunarstarfi og leitast við að styðja markaðssetningu á nýjum vörum.

8.3. Þótt staða ríkissjóðs í EES-ríkjunum sé erfið um þessar mundir ber þeim öllum að stuðla að auknum framlögum hins opinbera og einkaaðila til menntunar, rannsókna og þekkingargreina, því að starf á þessum sviðum er nauðsynlegt til þess að viðhalda megi hagvexti til frambúðar. Því er nauðsynlegt að skattkerfi, reglusetning og samkeppnisumhverfi hvetji einkafyrirtæki til fjárfestingar í samræmi við þessi forgangsmarkmið. Til þess að auka samkeppnishæfnina bíður nú það verkefni að brúa bilið milli þekkingargreina og markaðsaflanna og leggja réttan grundvöll fyrir nýsköpun. Þörf er á meiri samhæfingu og samkvæmni til þess að fyrirtæki í Evrópu geti fært sér ný tækifæri í nyt, skapað fleiri störf og aukið hagvöxt.

9. NIÐURSTÖÐUR

9.1. Ráðgjafarnefnd EES styður heils hugar sérstaka áherslu Lissabonáætlunarinnar á sjálfbæra þróun á sviði efnahagsmála, umhverfismála og félagsmála. Við tökum undir hugmyndir um víðtæka umbótaáætlun. Árangurinn hefur ekki verið viðhlítandi til þessa og ráðgjafarnefnd EES hvetur alla þá, sem bera ábyrgð á áætluninni, til að gera það sem nauðsynlegt er til að hún beri ávöxt. Meginmarkmið Lissabonáætlunarinnar munu ekki nást nema með nánu samstarfi stjórnvalda í EES-ríkjunum og aðila vinnumarkaðarins. Samstarf þeirra þarf að halda áfram með öflugum skoðanaskiptum á Evrópska efnahagssvæðinu og í nýju aðildarríkjunum.

9.2. Mikilvægt er að uppbyggjandi aðferðum sé beitt til að auka félagslega ábyrgð fyrirtækja með það fyrir augum að skapa efnahagskerfi sem byggist á félagslegri samheldni og örvar jafnframt hagvöxt og fjölgar tækifærum á sjálfbæran hátt. Simenntun þarf að verða aðgengileg sem flestum þar eð hún mun stuðla að uppbyggingu samfélags þar sem hugað er að hagsmunum allra og jöfnun tækifæra. Öllu skiptir að áfram verði lögð áhersla á atvinnustefnu sem hefur að markmiði að fjölga störfum og bæta starfsaðstöðu.

9.3. Það hefur grundvallarþýðingu að örva nýsköpun og framtakssemi í ríkjum Evrópu til þess að bæði ný fyrirtæki og þau sem fyrir eru þrífist vel. Ósk okkar er að snjallir nýsköpuðir og framtaksmenn kjósi Evrópu þegar þeir þurfa að velja stað fyrir fyrirtæki sem eiga að framleiða nýjungar þeirra.

9.3.1. Vilji til að taka áhættu og launa störf nýsköpuða er of lítill. Þeir sem voga og tapa gjalda þess of dýru verði. Búa þarf evrópskum framtaksmönnum hagstæðara umhverfi.

9.3.2. Stjórnvöld í Evrópu þurfa að hvetja til samvinnu milli fyrirtækja og skóla í þeim tilgangi að örva framtakssemi evrópskra ungmenna.

9.3.3. Auðvelda þarf háskólum að markaðssetja rannsóknaniðurstöður sínar. Sambandið milli fyrirtækja og rannsóknarstofnana kann að vera of lítið.

9.3.4. Til þess að auðvelda markaðssetningu og nýsköpun leggur ráðgjafarnefnd EES til að hugað verði að eftirtöldum atriðum:

- Það ætti að vera forgangsatriði að fækka ákvæðum í lögum og reglugerðum sem standa í vegi fyrir nýsköpun og framtakssemi í fyrirtækjum.
- Auðvelda ber aðgang að sprotafjármagni í Evrópu.
- Ýta mætti undir markaðssetningu í háskólum með því að tryggja þeim eignarrétt á nýjungum og einkaleyfum og þar með tekjur af nýjum vörum og framleiðsluaðferðum.
- Brýn þörf er á að beita ívilnunum til að ýta undir áhættufjárfestingar einkaaðila í nýjum fyrirtækjum. Einkafjárfestar verða að njóta ívilnana til að stuðla að markaðssetningu og stofnun nýrra fyrirtækja.
- Kerfi einkafjárfesta að bandarískri fyrirmynd (Business Angel Network) þyrftu að festa rætur víðar í Evrópu. Slík kerfi koma að góðum notum við markaðssetningu nýjunga og framtakssemi.
- Örva má markaðssetningu með því að koma upp skilvirkum grunnvirkjum. Dæmi um þetta er skipti á bestu starfsvenjum til að styðja við bakið á fyrirtækjaafvökum.

ÁLYKTUN
frá 20. mars 2003

2003/EES/63/02

um

STÆKKUN EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS (EES):
MÁL ER VARÐA STOFNANIR OG LAGAÁKVÆÐI

Í ráðgjafarnefnd EES (European Economic Area Consultative Committee) eiga sæti fulltrúar frá öllum helstu hagsmunahópum EES-rikkanna átján á sviði samfélags- og efnahagsmála. Nefndin er málsvari launþega, atvinnurekenda og annarra skipulagðra samfélagshópa í þessum löndum og er hluti af stofnanakerfi Evrópska efnahagssvæðisins.

Með hliðsjón af væntanlegri stækkun Evrópusambandsins og nauðsynlegum breytingum á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið í tengslum við hana sendir ráðgjafarnefnd EES frá sér eftirfarandi ályktun undir heitinu *Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins (EES) – Mál er varða stofnanir og lagaákvæði*. Ályktunin var samþykkt á 11. fundi ráðgjafarnefndarinnar í Brussel hinn 20. mars 2003. Skýrslugjafar voru **Arno Metzler** frá efnahags- og félagsmálanefnd ESB (European Economic and Social Committee) og **Knut Arne Sanden** frá ráðgjafarnefnd EFTA (EFTA Consultative Committee).

1. FORMÁLSORD

1.1. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) frá 2. maí 1992, með breytingum samkvæmt bókun frá 17. mars 1993 um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, öðlaðist gildi 1. janúar 1994.

1.2. Hin 18 aðildarríki EES (Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Liechtenstein, Lúxemborg, Noregur, Portúgal, Spánn, Svíþjóð og Þýskaland) mynda nú stærsta samhæfða innra markað í heimi, sem nær frá heimskautasvæðunum í norðri til Miðjarðarhafs og er byggður 380 milljónum neytenda.

2. ÁHRIF STÆKKUNAR EVRÓPUSAMBANDSINS Á EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

2.1. Hinn 1. maí 2004 eiga tíu ný ríki að bætast í hóp aðildarríkja Evrópusambandsins og verða aðildarríkin þá alls 25. Á fundi leiðtogaáðsins í Aþenu hinn 16. apríl 2003 munu fulltrúar eftirfarandi ríkja undirrita aðildarsamninga: Eistland, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland, Ungverjaland og Kýpur, enda hafa bæði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Evrópuþingið gefið til kynna að aðild þessara ríkja verði samþykkt á vordögum 2003. Nú er stefnt að því að Rúmenía og Búlgaría öðlist aðild að sambandinu árið 2007 að því tilskildu að þessi ríki hafi þá náð sama árangri og ríkin, sem nú biða aðildar, við að fullnægja aðildarskilyrðunum sem sett voru á fundi leiðtogaáðsins í Kaupmannahöfn. Á fundi leiðtogaáðsins í desember 2004 verður lögð fram skýrsla um árangur af umbótum í Tyrklandi og munu niðurstöður hennar ráða því hvort hafnar verða aðildarviðræður við Tyrki.

2.2. Áhrif stækkunar Evrópusambandsins á EES-samninginn eru í því fölginn að veita verður nýju aðildarríkjunum aðild að honum til þess að viðhalda snurðalausri framkvæmd opins og skilvirks innra markaðar sem nær ekki aðeins til núverandi og væntanlegra aðildarríkja Evrópusambandsins heldur alls Evrópska efnahagssvæðisins. Ráðgjafarnefnd EES lýsir yfir ánægju sinni með væntanlega stækkun Evrópska efnahagssvæðisins.

3. MEGINREGLUR EES-SAMNINGSINS

3.1. Með gerð EES-samningsins var fjórfrelsi innra markaðar Evrópusambandsins, þ.e. frjálsir vöruflutningar, þjónustuflutningar, fólksflutningar og fjármagnsflutningar, látið ná til þriggja aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), þ.e. Noregs, Íslands og Liechtensteins, en ekki Sviss. Austurríki, Finnland og Svíþjóð, sem áttu aðild að EFTA, gerðust eftir það aðilar að Evrópubandalaginu. Ríkisborgarar allra EES-rikkanna 18 njóta því flutningsfrelsis á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og mega dveljast, starfa, reka fyrirtæki, fjárfesta og kaupa fasteignir hvar sem er á efnahagssvæðinu, þó með vissum undantekningum á nokkrum afmörkuðum sviðum.

3.2. EFTA-ríkin, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, hafa því tekið upp allar tilskipanir, reglugerðir og ákvarðanir sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar innra markaðarins. Þau taka einnig ríkan þátt í almennu samstarfi á sviði rannsókna, menntamála, umhverfismála, menningar, neytendaverndar, vinnulöggjafar og félagsmála.

EES-samningurinn nær ekki til sameiginlegs reglakerfis Evrópusambandsins á sviði landbúnaðar og fiskveiða, heldur eru í samningnum sérákvæði um þessi efni.

Í EES-samningnum er ekki kveðið á um tollasamband eins og í Rómarsáttmálanum. Hann hefur því ekki að geyma ákvæði um viðskipti við ríki utan efnahagssvæðisins.

3.3. Ýmsar stofnanir hafa verið settar á fót til að hafa umsjón með framkvæmd og framþróun EES-samningsins og hafa þær svipað hlutverk og vinnulag og samsvarandi stofnanir Evrópusambandsins.

3.4. EFTA-ríkin, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, leggja sitt af mörkum til rekstrar Evrópusambandsins með þátttöku sinni í nærri 30 áætlunum á vegum sambandsins. Framlag EFTA-ríkjanna, sem er reiknað á grundvelli þjóðarframleiðslu, er nú um €100 milljónir og rennur stærstur hluti þess til rannsókna og menntamála. Jafnframt hafa EFTA-ríkin tvívegis samþykkt að hrinda í framkvæmd fimm ára áætlun í því skyni að veita fjárhagsstuðning þeim ríkjum og héruðum í Evrópusambandinu sem eiga mest undir högg að sækja (áætlunin er sambærileg Samstöðusjóði Evrópu). Samkvæmt núverandi áætlun um fjárhagsaðstoð, sem nær til árána 1999 til 2003, eru veittir styrkir að fjárhæð alls €24 milljóna til verkefna í Grikklandi og Portúgal og í tilteknum héruðum á Spáni (með svipuðum hætti og styrkir úr Samstöðusjóði Evrópu).

4. ALMENNAR ATHUGASEMDIR OG TILMÆLI ER VARÐA STÆKKUN EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS

4.1. Samkvæmt 128. gr. EES-samningsins er ríkjum, sem öðlast aðild að Evrópusambandinu, skylt að sækja um aðild að EES-samningnum. Frestur til að sækja um aðild er ekki tiltekinn. Til þess að framkvæmd stærra Evrópsks efnahagssvæðis verði snurðalaus er þó æskilegt að nýju aðildarríkin öðlist aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópusambandinu samtímis. Umsóknir nýju aðildarríkjanna tíu bárust forseta EES-ráðsins í desember 2002. Aðildarviðræður hófust hinn 9. janúar 2003 og er að því stefnt að þeim ljúki fyrir 16. apríl 2003 (daginn sem fyrirhugað er að undirrita sáttmála um aðild ríkjanna að Evrópusambandinu) til þess að tryggt sé að nýju aðildarríkin geti fullgilt samninginn um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins jafnhliða sáttmálunum um aðild að Evrópusambandinu.

4.2. Í tengslum við stækkun Evrópska efnahagssvæðisins er nauðsynlegt, til þess að ekki dragi úr skilvirkni EES-stofnananna, að jafnhliða umræðum (á sviði stjórnskipunarmála) um mótun sambærilegra aðferða við ákvarðanatöku í Evrópusambandinu fari fram umræður um aðild ríkja að EES-stofnunum og efnisleg endurskoðun á þeim ákvæðum EES-samningsins sem varða þær (að því er varðar EES-ráðið: 89. gr. EES-samningsins; að því er varðar sameiginlegu EES-nefndina: 93. gr. EES-samningsins og bókun 36 við samninginn; að því er varðar sameiginlegu EES-þingmannanefndina: 95. gr. EES-samningsins). Með hliðsjón af því að uppbygging þessara stofnana er svipuð uppbyggingu hliðstæðra stofnana hjá Evrópusambandinu er það álit ráðgjafarnefndar EES að rétt sé að breyta stofnunum EES í samræmi við niðurstöður ráðstefnunnar um framtíð Evrópusambandsins.

Í því skyni að festa í sessi samræmi í ákvæðum sem gilda á innra markaðnum, og með hliðsjón af breytingum sem gerðar hafa verið á EB-sáttmálanum í Maastricht- og Amsterdam-sáttmálunum, er jafnframt orðið nauðsynlegt að fella slíkar breytingar inn í EES-samninginn að því marki sem þær varða Evrópska efnahagssvæðið; ráðgjafarnefnd EES hefur þegar vikið að þessu réttilega í ályktun sinni um stækkun og framtíð EES frá 26. júní 2002. Að því er varðar frjálsa för launþega á Evrópska efnahagssvæðinu eftir stækkun vísar ráðgjafarnefnd EES til ályktunar sinnar um þetta efni frá 28. nóvember 2001, en í henni var lýst ánægju með frjálsa för launþega.

4.3. Með hliðsjón af bókun 9 við EES-samninginn sækjast EFTA-ríkin, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, eftir því í viðræðum um stækkun efnahagssvæðisins að þeim verði bætt skerðing á markaðstækifærum að því er varðar verslun með fisk og aðrar sjávarafurðir í nýju aðildarríkjunum. Núgildandi fríverslunarsamningar milli EFTA-ríkjanna og nýju aðildarríkjanna byggjast á þeirri meginreglu að sjávarafurðir séu undanþegnar tollum. Samningar um þessi mál standa nú yfir og er rétt að stefna að einfaldri, auðskiljanlegri og gagnsærri lausn.

Það er álit ráðgjafarnefndar EES að hér sé á ferðinni tæknilegt samningsatriði; Þótt það virðist vera vandmeðfarið mætti trúlega leysa það fljótt og vel með viðræðum sérfræðinga í tengslum við nýju samningaviðræðurnar. Meðal annars mætti hugsa sér að setja í samninginn ákvæði um sveigjanlegar lausnir.

4.4. Viðræður um breytingar á EES-samningnum ná einnig til landbúnaðar og landbúnaðarafurða eins og um þær er fjallað í 19. gr. samningsins og bókun 3, auk æskilegra mótvægisáðgerða vegna verslunar milli EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, og nýju aðildarríkjanna, sem hafa notið ívilnandi kjara af sögulegum ástæðum.

4.5. Haustið 2002 tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, að jafnframt breytingum á EES-samningnum myndu þessi ríki þurfa að hækka verulega framlag sitt til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misvægi í Evrópusambandinu. Rökin fyrir þessu eru að EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, beri (siðferðileg) skylda til að veita stuðning í tengslum við stækkun Evrópusambandsins. Óskað er eftir tvítugföldun til þrítugföldun framlaga. Evrópusambandið hefur engan lagalegan rétt samkvæmt EES-samningnum til að krefjast mikillar hækkunar á greiðslum. Vert er að hafa í huga að EFTA-ríkin, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, fá engar greiðslur úr Samstöðusjóði Evrópu. Þau eiga ekki heldur rétt á greiðslum úr öðrum samtryggingarsjóðum vegna náttúruhamfara eða annarra áfalla.

Liðinn er rúmur áratugur frá því að EES-samningurinn var undirritaður í Porto hinn 2. maí 1992. Á þeim tíma hefur verið leitast við að byggja Evrópska efnahagssvæðið þannig upp að tryggt sé að samkeppnisskilyrði og markaðsaðgangur séu með sama hætti á öllu efnahagssvæðinu, að minnsta kosti á þeim sviðum sem fjórfrelsi innra markaðarins nær til. EFTA-ríkin, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, hafa öll sýnt samstöðu með öðrum Evrópuríkjum. Sömuleiðis hafa þau öll gefið til kynna að þau væru í grundvallaratriðum reiðubúin að samþykkja hækkun á núverandi greiðslum í því skyni að veita stuðning við stækkun innra markaðarins.

Ráðgjafarnefnd EES telur miður ef svo fer að samstarf á Evrópska efnahagssvæðinu, sem einkennst hefur af trausti og áreiðanleika, spillist til frambúðar vegna áðgerða sem hafa það eitt að markmiði að auka tekjur án þess að á móti komi heimild til að hafa áhrif á ákvarðanir. Ráðgjafarnefnd EES mælist til þess að áhersla sé lögð á gagnkvæman ávinning og tækifæri í tengslum við hækkun á framlögum í þessum málaflokki. Markmiðið ætti að vera að styrkja tengsl EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, og Evrópusambandsins, fremur en að auka bilið á milli þeirra.

4.6. Í viðræðunum um stækkun Evrópusambandsins hefur lokahönd þegar verið lögð á kaflana sem fjalla um nauðsynlegar breytingar á lögum nýju aðildarríkjanna. Aðild þeirra að EES-samningnum verður því engum vandkvæðum bundin. Í tengslum við stækkunina verður þó nauðsynlegt að taka tillit til ákvæða um aðlögunartímabil sem fresta fullri gildistöku fjórfrelsis innra markaðarins milli núverandi og væntanlegra aðildarríkja Evrópusambandsins.

4.7. Í tengslum við umræður um ráðstefnuna um framtíð Evrópusambandsins og hvítbók um stjórnhætti í Evrópusambandinu leitast Evrópusambandið um þessar mundir við að byggja upp nánari samskipti við borgarana og samtök þeirra sem og sveitarstjórnir og héraðsstjórnir að því er varðar aðferðir við ákvarðanatöku í sambandinu. Bæði á Evrópska efnahagssvæðinu og í Evrópusambandinu eru til stofnanir, t.d. efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins og ráðgjafarnefnd EES, sem borgaraleg samtök geta leitað til í því skyni að koma sjónarmiðum sínum á framfæri án þess að þurfa að leita víðar. Í því skyni að auka þekkingu almennings í öllum EES-ríkjunum átján á hinn margháttaðu starfsemi Evrópusambandsins og efla skilning á ákvörðunum sem teknar eru væri vel til fundið að auðvelda enn frekar rafrænan aðgang að ákvörðunum á Evrópska efnahagssvæðinu og sjá til þess að venjulegt fólk taki þátt í framkvæmd þeirra á efnahagssvæðinu þegar í upphafi.

Með það fyrir augum að auka samkeppnishæfni og framsýni Evrópuríkjanna er nauðsynlegt að leggja enn meiri áherslu en verið hefur á meginreglur frelsis, lýðræðis og samstöðu í Evrópusambandinu og á Evrópska efnahagssvæðinu.

4.8. Með breytingum á EES-samningnum ber að sjá til þess að jafnræði ríki milli samningsaðila og að meginreglurnar, sem kveðið er á um í núgildandi samningi, gildi áfram eftir stækkun Evrópusambandsins á sviði fiskveiða, landbúnaðar og fjármögnunar.

4.9. Ráðgjafarnefnd EES veur sérstaka athygli á því hversu mikilvægt er að unnt verði að stækka Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið samtímis. Nefndarmenn hlakka til að taka á móti hinum nýju aðildarríkjum Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins hinn 1. maí 2004.

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Auglýsing eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól í tengslum við ríkisaðstoð – Ríkisaðstoð til handa deCODE Genetics vegna uppbyggingar á lyfjapróunardeild (ríkisaðstoð nr. 030.02.006 – Ísland)

2003/EES/63/03

Með ákvörðun 139/03/COL frá 16. júlí 2003, sem kemur á eftir þessari samantekt á tungumáli frumútgáfunnar, hóf Eftirlitsstofnun EFTA málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð. Afrit af ákvörðuninni hefur verið sent íslenskum stjórnvöldum.

Eftirlitsstofnun EFTA veitir EFTA-ríkjunum, aðildarríkjum Evrópusambandsins og hagsmunaaðilum hér með eins mánaðar frest frá því að auglýsing þessi birtist til að leggja fram athugasemdir við áformaða ráðstöfun og skal senda þær á eftirfarandi pósthfang:

EFTA Surveillance Authority
74, rue de Trèves
B-1040 Brussels

Athugasemdir verður komið á framfæri við íslensk stjórnvöld. Hagsmunaaðilum, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

SAMANTEKT

Málsmeðferð

Með bréfi dagsettu 27. maí 2002 tilkynntu íslensk stjórnvöld, í samræmi við 3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, um fyrirhugaða ábyrgð til handa deCODE Genetics Inc. (Bandaríkjunum) vegna rannsókn- og þróunaráætlunar á sviði líftækni sem fyrirtækið áformar að setja af stað á Íslandi.

Á meðan rannsókn stóð yfir lögðu íslensk stjórnvöld fram sérfræðiskýrslu með mati á hreinu styrkígildi fyrirhugaðrar aðstoðar og tilkynntu eftirlitsstofnuninni að þau hefðu ákveðið að krefja deCODE Genetics Inc. (Bandaríkjunum) um árlegt ábyrgðargjald að fjárhæð (...) (%) af nafnverði skuldabréfanna.

Í september 2002 barst eftirlitsstofnuninni kæra vegna fyrirhugaðrar ríkisaðstoðar í þágu deCODE Genetics. Kærandi taldi að hin fyrirhugaða ríkisaðstoð væri ósamrýmanleg reglum um ríkisaðstoð. Nánar tiltekið taldi kærandi að flokka bæri áætlunina sem „þróunarstarf á forsamkeppnisstigi“. Aðstoðin sem áformað væri að veita vegna áætlunarinnar myndi sem slík fara yfir leyfilegt hámark aðstoðar sem er 25% af styrkhæfum kostnaði. Ennfremur taldi kærandi m.a. að vegna breytinga sem nýlega hefðu orðið innan fyrirtækisins væri ósennilegt að fyrirhuguð ríkisaðstoð myndi efla samkeppnishæfni greinarinnar í Evrópu.

Í desember 2002 fól eftirlitsstofnunin sjálfstæðum sérfræðingi að semja álit um hina tilkynntu rannsókn- og þróunaráætlun á grundvelli reglna stofnunarinnar um styrki til rannsókna og þróunar. Sérfræðingurinn afhenti lokaskýrslu 10. apríl 2003.

(*) Atvinnuleyndarmál – tölum eytt.

Í bréfi dagsettu 9. maí 2003 greindi eftirlitsstofnunin íslenskum stjórnvöldum frá efasemdum sínum um að tilkynnt aðstoð samrýmdist reglum um ríkisaðstoð þar sem óljóst væri hvaða rannsókn- og þróunarverkefni yrðu unnin. Stofnunin tjáði íslenskum stjórnvöldum einnig að þar eð ekki lægju fyrir nægilega nákvæmar upplýsingar um einstök rannsókn- og þróunarverkefni gæti stofnunin ekki gengið úr skugga um hvort fyrirhuguð ríkisaðstoð stæðist ákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins auk reglna um styrki til rannsókna og þróunar.

Lýsing á aðstoðinni – Ríkisábyrgð

Í maí 2002 fékk fjármálaráðuneytið heimild Alþingis til að veita deCODE Genetics Inc. (Bandaríkjunum) ábyrgð á skuldabréfaútgáfu að fjárhæð 200 milljóna bandaríkjadala. deCODE stundar lýðerfðafræðirannsóknir sem beinast að því að finna erfðafræðilegar orsakir algengra sjúkdóma í mönnum og nota niðurstöðurnar til að finna nýjar aðferðir við að meðhöndla, greina og fyrirbyggja sjúkdóma. Fyrirtækið veitir viðskiptavinum einnig þjónustu sem nýtist við lyfjauppgötvun, einkum stórum lyfjafyrirtækjum og líftæknifyrirtækjum. Féð sem fyrirhugað er að afla með skuldabréfaútgáfunni yrði látið renna til Íslenskrar erfðagreiningar ehf., sem er dótturfyrirtæki deCODE í einkaeigu þess og starfar í Reykjavík, og notað til að koma á fót á Íslandi nýrri deild til að þróa líftæknilyf.

Íslensk stjórnvöld sendu eftirlitsstofnuninni upplýsingar um helstu atriði er varða skuldabréfaútgáfuna og ríkisábyrgðina. Þó kom fram að skilmálar vegna skuldabréfanna og ríkisábyrgðarinnar yrðu ekki ákveðnir endanlega fyrr en eftirlitsstofnunin hefði samþykkt aðstoðina. Íslensk stjórnvöld tjáðu eftirlitsstofnuninni að sú breyting hefði orðið frá því sem tilkynnt var í upphafi að skuldabréfin yrðu til fimm ára (í stað sjö ára eins og áformað var í upphafi). Heimilt yrði að skipta skuldabréfunum fyrir hlutabréf í deCODE ef svo færi að gengi hlutabréfanna yrði hærra en 18 bandaríkjadalir. Jafnframt yrði deCODE heimilt að lækka gengið sem miðað væri við vegna skiptingar yfir í hlutabréf. Færi svo að skuldabréfunum yrði skipt fyrir hlutabréf yrði lítið svo á að þau hefðu verið greidd upp og ríkisábyrgðin félli þá úr gildi.

Um það leyti sem eftirlitsstofnuninni barst tilkynning um fyrirhugaða ríkisábyrgð var gengi hlutabréfa í fyrirtækinu um 5 bandaríkjadalir á hlut. Gengi hlutabréfanna lækkaði eftir það niður fyrir 2 bandaríkjadalir á hlut og er nú um 3,5 bandaríkjadalir.

Rannsókn- og þróunaráætlunin, sem fyrirhugað er að fjármagna með tilstyrk ríkisábyrgðarinnar, er í því fölginn að setja á fót nýja lyfjaþróunardeild til að nýta niðurstöður rannsókna deCODE á sviði lýðerfðafræði og erfðafræði á grundvelli ættfræði.

deCODE beitir lýðerfðafræði til rannsóknar á áhrifum erfðabátta á sjúkdóma. Aðgangur deCODE að viðtækum ættfræðigagnagrunni og lífupplýsingatækni í tengslum við hann er höfuðatriði í aðferð fyrirtækisins við leit að meingenum og tengdum lyfjamörkum. Með því að nýta sér upplýsingar um ættfræði Íslendinga gerir fyrirtækið sér vonir um að geta flýtt uppgötvun og þróun nýrra greiningar- og meðferðarlyfja.

Samkvæmt framlögðum upplýsingum hefur deCODE tekist að einangra gen sem tengjast ákveðnum sjúkdómum [...]. deCODE hefur gert samstarfssamninga við lyfjafyrirtæki um tiltekin lyfjamörk sem tengjast nokkrum þeirra meingena sem fundist hafa. Fyrirtækið stefnir nú að því að koma sér upp lyfjamörkum sem notuð yrðu við lyfjaþróun innan fyrirtækisins á grundvelli niðurstaðna úr erfðarannsóknum þess.

Rannsókn- og þróunarvinnan sem tilkynnt ríkisaðstoð á að ná til er fölginn í „staðfestingu lyfjamarka“ og „lyfjaþróun“. Íslensk stjórnvöld hafa gefið þær skýringar að grundvallarrannsóknir samkvæmt þessari áætlun myndu hefjast eftir að komið væri fram lyfjamark fyrir tiltekinn sjúkdóm. Þegar deCODE hefði einangrað meingen myndi fyrirtækið hefja grundvallarrannsóknir samkvæmt hinni fyrirhugaðu áætlun til þess að skilgreina sameindaboðleiðir þar sem meingenið kæmi við sögu. Raunveruleg lyfjaþróun hefist svo í næsta áfanga áætlunarinnar. Í þeim áfanga fara fram rannsóknir til að finna líklegar lyfjasameindir (hér er um að ræða athugun á efnasameindum sem valdar hafa verið með skimunarprófunum og reynast hafa áhrif á lyfjamarkið).

Mat á aðstoðinni

Samkvæmt sérfræðiáliti, sem unnið var á vegum íslenskra stjórnvalda í júlí 2002, myndi ríkisábyrgðin gera deCODE kleift að afla fjár á markaði með miklu hagstæðari skilmálum en í boði væru án ríkisábyrgðar. Eftirlitsstofnunin telur eðlilegt að draga þá ályktun að ríkisábyrgðin myndi færa deCODE fjárhagslegan ávinning og styrkja stöðu fyrirtækisins gagnvart keppinautum sínum á Evrópska efnahagssvæðinu. Af því leiðir að fyrirhuguð ríkisaðstoð er til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Íslensk stjórnvöld telja að fyrirhuguð ríkisábyrgð sé samrýmanleg EES-samningnum í krafti b-liðar 3. mgr. 61. gr., en í honum er kveðið á um að „*aðstoð til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum*“ geti talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins. Samkvæmt málsmeðferð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í skyldum málum á þessi undanþága einkum við þegar um ræðir fjölþjóðleg verkefni „*sem vegna eðlis og, að meginreglu til, umfangs, eru mjög mikilvæg*“. Þar eð fyrirhuguð ríkisaðstoð myndi nýtast eingöngu til að koma upp lyfjaþróunardeild hjá deCODE telur eftirlitsstofnunin vafa leika á að aðstoðin geti talist samrýmanleg b-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Eftirlitsstofnunin hefur einnig metið aðstoðina á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins með hliðsjón af 14. kafla í leiðbeiningum stofnunarinnar um ríkisaðstoð. Samkvæmt 1. mgr. liðar 14.2.1 og liðum 14.5.1 og 14.7 ber eftirlitsstofnuninni að meta umfang og eðli rannsóknarstarfsins, hversu mikil aðstoð er veitt og hvatningaráhrif aðstoðarinnar.

Fyrirhuguð ríkisaðstoð vegna tiltekinnar rannsóknar- og þróunarverkefna

Eftirlitsstofnunin telur óljóst að hve mörgum verkefnum á sviði staðfestingar lyfjamarka og lyfjauppgötvunar yrði unnið hjá deCODE samkvæmt rannsóknar- og þróunaráætluninni sem ríkisaðstoðin á að ná til.

Samkvæmt upplýsingum sem eftirlitsstofnuninni hafa borist hefur deCODE ekki ákveðið hvaða lyfjamörk verði rannsökuð samkvæmt áætluninni sem ríkisaðstoðin á að ná til. Þar eð hvorki deCODE né íslensk stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að hvaða rannsóknar- og þróunarverkefnum yrði unnið getur stofnunin ekki gengið úr skugga um hvort fyrirhuguð ríkisaðstoð yrði notuð til að vinna tiltekið rannsóknar- og þróunarverkefni. Af þessum sökum telur stofnunin ekki unnt að útiloka að deCODE gæti notað hina fyrirhuguðu ríkisaðstoð til að standa undir rekstrarkostnaði í tengslum við stofnun lyfjaþróunardeildar. Hætt er við því að aðstoð af því tagi, sem er ekki bundin tilteknu rannsóknar- og þróunarverkefni, breytist í rekstraraðstoð.

Eftirlitsstofnunin telur vafa leika á að unnt sé að heimila ríkisaðstoð vegna rannsóknar- og þróunarverkefna sem hafa ekki verið tilgreind sérstaklega sem hluti af áætluninni (með ótvíræðri tilvísun til sjúkdóms) og verða ef til vill fyrst að veruleika síðar (hugsanlega mörgum árum eftir að beiðni um ríkisaðstoð var lögð fram) og gætu þá orðið hluti af rannsóknar- og þróunaráætluninni sem heild. Að auki telur eftirlitsstofnunin vafa leika á að deCODE hafi vilja og getu til að vinna þau rannsóknar- og þróunarverkefni (bæði að því er varðar staðfestingu lyfjamarka og lyfjauppgötvun) sem íslensk stjórnvöld hafa nefnt að komi til greina sem lyfjaþróunarverkefni samkvæmt fyrirhugaðri rannsóknaráætlun.

